

Skipulagsstofnun  
b.t. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík.

Hafnarfirði 09.07.2018.

## Erindi: Bráðabirgðafærsla á Hamraneslínu 1 og 2.

Með bréfi dags. 19.06.2018 móttæk. 25.06.2018 óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar um tilkynningu Landsnets á bráðabirgðaflutningi Hamraneslínu 1 og 2 samanber 6. gr. laga nr. 106/2000 er fjallar um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagslegar forsendur Hafnarfjarðarbæjar er varða Hamraneslínu 1 og 2 eru eftirfarandi: Breyting var gerð á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 er varðar áætlanir Landsnets um styrkingu raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi. Í aðalskipulagsbreytingu frá 2013 segir m.a. í greiningerð:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur til að Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 - 2025 verði breytt til samræmis við áætlanir Landsnets um styrkingu raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi og samkomulag Landsnets og Hafnarfjarðarbæjar um útfærslu þess. Breytingamar elga völd rafllínur, tengivirki og jarðstrengir frá Geithálsi og Sandskeiði að núverandi og fyrirhuguðum tengivirkjum í Hafnarfjörð og áfram þaðan að Álverinu í Straumsvík og til Suðurnesja á þeim kafla sem fellur innan lögsögu Hafnarfjarðar.

Aðalskipulagsbreytingin felst í eftirfarandi atriðum:

●Bætt verður við tveimur 400kV loftlínum, Sandskeiðslínu 1 og Búrfellslínu 3, völd línustæði núverandi Búrfellslínu 3b, frá Sandskeiði að Stórhöfða og áfram að Hrauntungum, Búrfellslína 3b mun í framtíðinni helta Kolviðarhóslínu 2.

●Hamraneslínur 1 og 2, sem eru 220kV loftlínur verða lagðar af þegar ný lina hefur verið reist frá Sandskeiði í Hafnarfjörð, í stað þess að vera lagðar í jarðstrengi elns og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir.

●Vægl tengivirks völd Hamranes verður minnkað og allar loftlínur að því lagðar af, í stað þess að færa tengivirkjö til suðurs elns og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir.

●Byggt verður nýtt tengivirki í Hrauntungum.

●Kolviðarhóslína 2 tengist Hamranes í fyrstu en legu hennar frá Stórhöfða verður breytt og mun hún þá liggja um Hrauntungur og meðfram Suðurnesjallinu 2 að Njarðvíkurhelði.

●ISAL-línur 1 og 2, 220kV, frá tengivirkinu völd Hamranes að Álverinu í Straumsvík verða lagðar af.

Í greiningerð gildandandi Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 segir á bls. 100 :

*“Að og frá tengivirkinu við Hamranes ganga eftirtaldar línur í eigu Landsnets. 220 Kv: Hamraneslínur 1 og 2 til austurs áleiðis að Geithálsi. Þær eru báðar á sömu möstrum og flytja í dag 2/3 þess afsl sem notað er í ISAL. Þær verða rifnar á skipulagstímabilinu, og samkvæmt samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets verður niðurrifi þeirra lokið eigi síðar en 2020. Ísallínur 1 og 2 liggja til vesturs að Álverinu í Straumsvík. Þessar línur verða fluttar á skipulagstímabilinu í nýtt línustæði frá tengivirki í Hrauntungum. Búrfellslína 3B liggur til suðausturs áleiðis að Sandskeiði. Landsnet fyrirhugar að leggja til viðbótartvær 400 kV línur til að tengja Hamranes við Brennimeil og Kolviðarhól vegna virkjana á Hellisheiði. Með þessu er stefnt að því að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu og styrkja orkuflutningskerfið til að anna framtíðarflutningsþörf vegna aukinnar orkuframleiðslu, atvinnuuppbyggingar og þjónustu við drefiveitur. M.a. hugmyndum um stóriðju á Suðurnesjum og frekari virkjanahugmyndum á svæðinu. Þessar línur verða lagðar í nýtt*

*línustæði að tengivirkinu í Hrauntungum. - 132 Kv: Suðurnesjalína 1 til vesturs að Keflavík, hún er í eigu Landsnets. Hún verður rifin á skipulagstímabilinu, og fyrirhugað er að leggja í staðinn tvær nýjar 220 kV línur nokkuð sunnan fyrirhugaðs Ofanbyggðavegar frá tengivirkinu til Reykjaness. Hnoðraholtslína sem er nýkomin í eigu Landsnets liggur frá Geithálsi að tengivirkinu við Hamranes og þaðan inn til Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Hluti línunnar hefur verið lagður í jarðstreng, og það er krafa Hafnarfjarðar að línan verði öll lögð í jarðstreng innan lands Hafnarfjarðar.*

*400 kV tengivirki verður byggt í Hrauntungum, og verður vægi tengivirkisins við Hamranes þá minnkað og verður það venjuleg spennistöð. Engar loftlínur munu í framtíðinni liggja að og frá því.“*

Skýringar uppdráttur með þessum texta gerir grein fyrir einföldun á rafveitu til Hafnarfjarðar.



Í þeim gögnum sem vitnað er í hér að ofan er ljóst að Hafnarfjarðarbær hefur gert ráð fyrir að umræddar línur hverfi, og á gildandi uppdráttum er núverandi lega loftlínu ekki sýnd. Uppdráttur Aðalskipulagsins gerir grein fyrir legu Hnoðraholtslínu frá Hamranesi í átt að Garðabæ, og er sú lína sýnd sem jarðstrengur, enda segir í greingerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar:

*“Hnoðraholtslína sem er nýkomin í eigu Landsnets liggur frá Geithálsi að tengivirkinu við Hamranes og þaðan inn til Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Hluti línunnar hefur verið lagður í jarðstreng, og það er krafa Hafnarfjarðar að línan verði öll lögð í jarðstreng innan lands Hafnarfjarðar.*

*400 kV tengivirki verður byggt í Hrauntungum, og verður vægi tengivirkisins við Hamranes þá minnkað og verður það venjuleg spennistöð. Engar loftlínur munu í framtíðinni liggja að og frá því.“*



**Deiliskipulag Skarðshlíðar, breyting á deiliskipulagi Valla 7 frá 2013.**


**Deiliskipulag Skarðshlíðar 3. áfangi samþykkt 03.04.2018 (í auglýsingu 23.04-04.06. 2018).**

Í greinagerð Deiliskipulags frá 2013 segir á bls. 6:

Á svæðinu eru tvær loftlínur annars vegar Hnoðraholtslína Landsnets og hins vegar Hamraneslína.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025 er gerð sú krafa að háspennulínur sem nú liggja að dreifistöð Landsnets í Hamranesi hverfi þar sem þær liggja gegnum fyrirhugaða íbúðarbyggð en þær munu verða lagðar í jarðstreng.

Á deiliskipulagsupprætti frá 2013 er síðan að finna eftirfarandi texta í skýringum:

 Núverandi helgunarsvæði (byggingarbann) fyrir raflínu (loftlínu), sem vikur skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Lóðir á helgunarsvæði Hamraneslínu (4.áfangi) koma ekki til úthlutunar fyrr en loftlínur (Hamraneslínur 1 og 2) hafa vikið. Gert er ráð fyrir því samkv. samkomulagi Landsnets og Hafnarfjarðarbæjar að undirbúningur niðurrifs Hamraneslínanna hefjist eigi síðar en árið 2016 þannig að unnt sé að fjarlægja þær eigi síðar en árið 2020. Hnoðraholtslína er jarðstrengur, helgunarsvæði hans er 2m. Lega hans kemur fram á deiliskipulagsupprættinum.

Í greinagerð deiliskipulags Skarðshlíðar 3. áfanga (í auglýsingu) kemur eftirfarandi fram á bls. 8:

## 2.6 Veitur og lagnir

Kvaðir um stofn- og dreifikerfi koma fram á hæðar- og mæliblöðum eftir því sem við á.

Á svæðinu eru tvær háspennulínur annars vegar Hnoðraholtslína Landsnets og hins vegar Hamraneslína.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 er gert ráð fyrir að háspennulínur sem nú liggja að dreifistöð Landsnets í Hamranesi verði fjarlægðar. Þar sem þær liggja yfir fyrirhugaða íbúðarbyggð.

Á deiliskipulagsupprætti í auglýsingu er síðan að finna eftirfarandi texta í skýringum:



Núverandi helgunarsvæði fyrir raflínu

Loftlínur munu víkja eigi síðar en 2020 skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Lóðir á helgunarsvæði Hamraneslínu (3.áfangi) koma ekki til úthlutunar fyrr en loftlínur (Hamraneslínur 1 og 2) hafa vikið. Hnoðraholtslína er jarðstrengur, helgunarsvæði hans er 2m. Lega hans kemur fram á deiliskipulagsupprættinum.

Á grundvelli þess sem fram kemur hér að ofan og til þess að lega Hamraneslínu kemur ekki fram í aðalskipulagi og deiliskipulagsuppráttum umfram það sem sagt er hér að undan er eðlilegt að greinagerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2015 verði endurskoðuð m.t.t. flutnings og staðsetningar á möstrum loftlínunnar til bráðabirgða. Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 22.05.2018 var eftirfarandi til umfjöllunar:

*„Tekin til umræðu á ný breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna færslu á háspennulínu við Hamranes.*

*Lögð fram skipulagslýsing dags. 22. maí 2018.“*

*„Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða skipulagslýsingu dags. 22.05.2018 með vísan til 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. og 2. mgr. 30 gr. sömu laga.*

*Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja skipulagalýsinguna á grundvelli ofangreindra lagaákvæða.“*

Bæjarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 23.05.2018 s.l.

*„Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafnarfjarðarbær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.“*

Í greinagerð Eflu verkfræðistofu dags. 23.05.2018 koma fram í kafla 3. á bls. 17-21 upplýsingar um framkvæmdina. Hafnarfjarðarbær telur að þar sé á fullnægjandi hátt gerð grein fyrir framkvæmdinni og þeim þáttum er að henni lúta. Hafnarfjarðarbær mun veita framkvæmdaleyfi á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi 772/2012, og 13. - 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 byggt á ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

Hafnarfjarðarbær hefur á undanförunum rúmlega tveimur áratugum gert ráð fyrir þróun byggðar á þessu svæði. Framtíðar byggingarsvæði Hafnarfjarðar eru þarna samanber AH 2013-2025. Sú staða sem Suðurnesjalína 2 er í skýrir að nokkru þá stöðu að Hamraneslínur hafa ekki verið fjarlægðar, en nú er svo komið að vissar skipulagslegar forsendur Hafnarfjarðarbæjar er varða nýbyggingarsvæði eru að bresta og því afar brýnt að heimila bráðabirgðaflutning á Hamraneslínunum 1 og 2.

Pormóður Sveinsson Skipulagsfulltrúi.